

Umsögn frá sviðsstjóra Menningar- og ferðamálasviðs

Reykjavík 20. nóvember 2017

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs, 28. ágúst 2017, var lögð fram tillaga af hálfu fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina sem orðrétt hljóðar svo:

Menningar og ferðamálaráð setur í gang hvatningarátak til að hvetja börn og unglinga til að leggja iðn við og daglegan hug að list og menningu. Samið verður við Strætó um að í þrjá mánuði verði útvaldir strætisvagnar með stórum ljósmyndum og eða teiknuðum myndum af börnum og unglingum að spila á hin ýmsu hljóðfæri, í bókasafnslestri, málandi listaverk, ljósmyndandi, sækjandi listasöfn og fleira. Þessum myndum geta fylgt hvatningarorð eins og „Hvaða hljóðfæri langar þig að læra á“. „Hvernig væri að skella sér á bókasafnið í dag“, „Unglingar geta líka farið á listasöfn“.

Sérstök áhersla er lögð á börn og menningaruppeldi í menningarstefnu Reykjavíkurborgar og er þeirri áherslu fylgt eftir með ýmsum aðgerðum sem tilgreindar eru í aðgerðaráætlun stefnunnar. Markmiðið er að „tryggja gott aðgengi menningar og lista, óháð stöðu og efnahag,“ eins og segir í menningarstefnu Reykjavíkur í kaflanum um börn og menningaruppeldi.

Menningarstofnanir sem tilheyra sviðinu gera árlega fræðsluáætlanir og þeim samstarfsaðilum sem njóta hæstu menningarstyrkja borgarinnar er sérstaklega gert að sinna barnamenningarfræðslu. Þá hvetur Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO börn til lesturs með verkefnum á borð við Sleipni og Lestarahátíð og á Barnamenningarhátíð eru börn í gegnum skólasamfélagið boðið að taka þátt í ýmsum listviðburðum.

MOF og Skóla- og frístundasvið eiga í góðu samstarfi um barnamenningu, með sameiginlegum verkefnastjóra sem heldur m.a. utan um Barnamenningarhátíð, Biophiliu og Menningarfána Reykjavíkurborgar og hvetur verkefnastjórinn jafnframt til aukins framboðs listar- og menningar fyrir börn og með börnum í skólum borgarinnar.

Barnamenningarfræðsla er því fléttuð inn í allt menningarstarf á vegum sviðsins og halda sérfræðingar viðkomandi stofnana og verkefna utan um kynningar á barnamenningarfræðslunni með ýmsum markvissum leiðum, svo sem í gegnum skólasamfélagið, og eru um leið vakandi fyrir öðrum leiðum til að ná til barna og unglinga.

Ljóst er að hvetja má börn og ungmenni til þátttöku í listum og menningu með öðrum leiðum en hér hafa verið nefndar, svo sem með auglýsingum á Strætó. Samkvæmt upplýsingum frá Strætó er möguleiki á því að semja um samstarf við Strætó um auglýsingar á á vögnunum en Strætó myndi ekki taka þátt í kostnaðinum. Heilmerktur vagn kostar um það bil 600 þúsund krónur en þar fyrir utan er hönnunarkostnaður og annar kostnaður við vinnu og uppsetningu, auk vinnu við umsjón verkefnisins. Gróft áætlað má gera ráð fyrir að heildarkostnaður geti numið á þriðju milljón króna. Þessi kostnaður rúmast ekki innan þeirra fjárheimilda sem

sviðið og einstakar stofnanir þess og verkefni hafa nú þegar markað sér í kynningar- og markaðssetningu á barnamenningarfræðslu á þessu og næsta ári.

Undirrituð mælist til þess að þeir starfsmenn og sérfræðingar sem sinna barnamenningarfræðslu og kynningu á henni hjá stofnunum og einstökum verkefnum innan sviðsins verði falið að meta það hverju sinni hvernig þau telji að hægt sé að ná sem best markmiðum menningarstefnunnar um aðgengi og þátttöku barna og unglinga í listum og menningu, hvort sem það er með fræðsludagskrá sem kynnt yrði í gegnum skóla og samfélagsmiðla, með heimsendum boðskortum og kynningarbæklingum og/eða með öðrum og fjárfrekari leiðum eins og til dæmis kynningarátaki á Strætó.

Virðingarfyllst,
Arna Schram
Sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasvið